

Efnamóttakan hf
Jón H. Steingrímsson / Grétar V. Grétarsson
Berghellu 1
221 Hafnarfjörður



Reykjavík 2. janúar 2019
UST201812-093/gf
08.14.02

Varðar reglubundið eftirlit 2018 - Efnamóttakan hf. Hafnarfirði

Þann 13. desember sl. fór fram eftirlit með starfsleyfi Efnamóttökunnar hf. í Hafnarfirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin frávik komu fram við eftirlit en ein ábending var gerð um tilkynningu til Umhverfisstofnunar (sjá meðfylgjandi skýrslu).

Virðingarfyllst,


Gottskálf Friðgeirsson
Frigg Thorlacius
lögfræðingur

Afrit: Heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis

EFTIRLITSSKÝRSLA

Efnamóttakan Hafnarfjörður



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	13.12.2018	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálf Friðgeirsson
Fyrirtæki	Efnamóttakan	Eftirlitsmaður	Gottskálf Friðgeirsson
Heimili	Berghellu 1	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	6912982729	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Jón H. Steingrímsson	ÍSAT nr.	51.57.02
Fulltrúi fyrirtækis	Grétar Viðar Grétarsson	Staðsetning	363053,302 408634,682

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Ekkert frávik frá kröfum í starfsleyfi var skráð en ábending var gerð vegna nýrrar kröfu til geymslu á raf- og rafeindatækjaúrgangi. Ein ábending um tilkynningu til eftirlitsaðila var gerð.

UMFANG EFTIRLITS

Viðstaddir eftirlitið voru Grétar V. Grétarsson og Jón H. Steingrímsson frá Efnamóttökunni og Gottskálf Friðgeirsson frá Umhverfisstofnun.

Dagskrá

1. Yfirferð yfir athugasemdir og frávik í eftirlitsskýrslum síðustu ára
2. Yfirferð yfir kröfur í starfsleyfi
3. Önnur mál.
4. Skoðun á aðstöðu að Berghellu 1

Starfsleyfið heimilar móttöku, flokkun, þökkun auk annars frágangs og geymslu samtals 7900 tonnum á ári. Úrgangsflokkar eru átta en einn flokkur er ekki enn meðhöndlaður hjá rekstraraðila. Úrvinnsla okutækja fer ekki fram að Berghellu 1.

1. Eftirlitið hófst á að ítrekað var að sbr. grein 4.4 í starfsleyfi skulu mælinganiðurstöður sem kröfur eru um í starfsleyfi fylgja Grænu bókhaldi hvers árs. Verður skoðað í eftirliti næsta árs. Eins var ákveðið að fulltrúi rekstraraðila ítreki við Umhverfisstofnun hvort breyta þurfi umfangi starfsleyfis vegna þess pappírmagns frá prentsmiðjum sem fyrirtækið sér um að höndla með.

Vegna frávíks sem skráð var 2016 þar sem fundið var að því að spilliefni væru geymd á athafnasvæði Hafnarbakka að Hringhellu 6, þá kom fram að enn (13. desember) er einn gámur í geymslu þar, spilliefni sem bíða útflutnings. Eins hafa safnast upp allt 30 gámar með skjám og spilliefnum á lóð Gámaþjónustunnar við Berghellu 1, 17 gámar með skjám og 13 með spilliefnum. Ástæður fyrir uppsöfnun spilliefna segja fulltrúar rekstraraðila einkum tvær, að Kalka-sorpeyðingarstöð sf. hefur ekki undan að brénna og hafnar móttöku á spilliefnum sem annars hefði farið þangað. Einnig að ný siglingaleið með umskipun í Rotterdam hefur ekki gengið nógu vel og bið eftir útflutningsleyfum hafa seinkað flutningum. Ástæða fyrir uppsöfnun skjáa er hins vegar sú að fyrri samstarfsaðili Efnamóttökunnar varð gjaldþrota í lok janúar 2018 og nýtt útflutningsleyfi fékkst ekki endanlega fyrr en í lok ágúst sl. Málin hafa þó þróast þannig undanfarið að áætlað er að allir skjágámar sem hafa safnast upp verða farnir í apríl/mái. Reiknað er með að birgðagámar með spilliefnum verði farnir innan næsta árs. Farið er fram á að rekstraraðili sendi tilkynningu til Umhverfisstofnunar þegar öll uppsöfnuð spilliefni eru komin í skip.

2. Farið var yfir kröfur í starfsleyfi

Farið yfir helstu kröfur í starfsleyfi um áætlanir sem eiga að liggja fyrir. Umhverfisstjórnunarkerfi rekstraraðila gerir kröfu um að áætlanir séu uppfærðar reglulega, og eins verklagsreglur. Umhverfisstjórnunarkerfið var endurvottað 27. júní 2018. Rekstrarstöðvunartrygging er í gildi sem og ábyrgðartrygging vegna bráðamengunar.

Mælingar í fráveitu voru gerðar í stóru söfnunárþró á árinu og voru öll gildi undir losunarmörkum. Yfirlit yfir magntölur við tæmingu þróa var afhent í eftirliti.

Engin mengunaráhöpp hafa orðið á árinu en eitt næstum því óhapp hefur verið skráð.

Skýrslur rekstraraðila s.s. grænt bókhald og skýrsla um magn og gerð úrgangs eru í ágætu lagi.

Hlutleysing (annar frágangur) á sýrum og bösum fer fram í aðstöðu rekstraraðila og er vökvum frá því ferli síðan hleypt út í fráveitukerfi sveitafélagsins.

Fjölsmiðjan er verktaki hjá rekstraraðila við að hluta í sundur raftæki og í aðstöðu Gámaþjónustunnar að Berghellu 1 fer fram tæming og pressun (annar frágangur) á ísskápum.

Eiming (annar frágangur) á leysum og öðrum olíuefnum fer ekki fram hjá rekstraraðila.

Brennanlegur úrgangur má ekki fara yfir 300 tonn á athafnasvæðinu við Berghellu 1.

Gengið var um athafnasvæði og vinnsluhúsnæði Efnamóttökunnar. Spilliefni eru tekin inn vestan vinnsluhúsnæðis Efnamóttökunnar, ekið á lyfturum inn til skráningar og vigtunar og áfram til meðhöndlunar innanhúss eða yfir á svæðið austan skemmunnar þar sem þau eru geymd í flokkuðum röðum þar til vinnstími til meðhöndlunar og þökkunar. Bent var á nýja kröfu í reglugerð nr. 1061/2018 um raf- og rafeindatækjaúrgang en þar segir: verja skal geymslustaði fyrir vatni og vindum. Girðingar og hlið voru í góðu lagi og ekki eru gerðar athugasemdir við umgengni.

ÁBENDINGAR


1. Senda skal tilkynningu til eftirlitsaðila þegar allir gámar sem safnast hafa fyrir á lóð Gámapjónustunnar eru farnir úr landi.
2. Bent var á nýja kröfu í reglugerð nr. 1061/2018 um raf- og rafeindatækjaúrgang en þar segir: verja skal geymslustaði fyrir vatni og vindum.

ANNAD

Bæklingur Umhverfisstofnunar um mælanleg umhverfismarkmið var afhentur í eftirliti. Í því samhengi var einnig farið yfir fyrirhugaðar breytingar á tíðni eftirlits með tilkomu reglugerðar nr. 550/2018 sem tilgreinir að með kerfisbundnu mati á umhverfisáhættu af rekstraraðilum geti tíðni eftirlits hjá rekstraraðila breyst.

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 02.01.2019


Gottskálk Friðgeirsson